

REGLUGERÐ

um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar
bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar.

2. gr.

Með hreyfihömlun skv. reglugerð þessari er átt við líkamlega hreyfihömlun, þ. á. m. blindu, sem gerir menn ófæra um að komast ferða sinna án ökutækis. Um mat á hreyfihömlun skv. þessari grein fer skv. almannatryggingalögum.

3. gr.

Til þes að geta notið þessarar uppbótar, þarf viðkomandi eða maki (sambúðar-aðili) að vera skráður eigandi ökutækis.

Ennfremur þarf viðkomandi sjálfur að aka bifreiðinni eða maki (sambúðar-aðili) hans. Heimilt er að vikja frá þessu skilyrði, t. d. eigi einhleypingur í hlut eða mæli sérstakar ástæður með.

4. gr.

Umsóknir um uppbót skulu sendar Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík eða viðkomandi umboðsmanni, sem framsendir umsóknir ásamt athugasemdum og meðmælum aðalskrifstofunnar til úrskurðar.

Með umsóknum skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. Vottorð lögreglustjóra um eignarhald bifreiðar.
2. Upplýsingar um ökumann, aki umsækjandi ekki sjálfur.
3. Númer á ökuskrifteini umsækjanda eða annars ökumanns.
4. Upplýsingar um hagi og atvinnu umsækjanda, t. d. með skattframtali.

5. gr.

Uppbót skal, þar til annað verður ákveðið, nema kr. 48.000 fyrir yfirstandandi ár og skal vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

6. gr.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og skal endurskoðuð fyrir lok ársins 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 30. júlí 1980.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.